

Nd.

926. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

1. 43. gr. staflíður h) orðist þannig:

Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 20 kr. fyrir hverja ferð. Þetta gildir þó ekki á svæðum þar sem í gildi er númerasamningur um læknishjálp.

2. 43. gr. staflíður i) orðist þannig:

Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að $\frac{7}{8}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþega-og flutningsleiðum. Þó greiði samlagssjúklingur aldrei meira en 500 kr. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðast $\frac{7}{8}$ af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða.

Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.